

Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 22. september 2016.

Efni: Þróun fasteignamats atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta

Í tilefni af fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem hefst í dag, og yfirstandandi gerð fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum landsins, vill Félag atvinnurekenda vekja athygli á og ítreka eftirfarandi ályktun stjórnar félagsins frá 14. júní síðastliðnum.

„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög landsins að endurskoða álagningarprósentu fasteignagjalda til að mæta miklum hækkunum á fasteignamati atvinnuhúsnæðis undanfarin ár.

Í síðustu viku var sagt frá nýju fasteignamati fyrir árið 2017. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 7,6% á landinu en 9,1% á höfuðborgarsvæðinu. Að óbreyttu þýðir þetta hundruð milljóna króna í aukna skatta á atvinnulífið. Fyrirtæki mega síst við slíkum álögum nú þegar mörg þeirra eiga fullt í fangi með að standa undir launahækkunum vegna nýgerðra kjarasamninga án þess að velta þeim út í verðlagið.


FA vekur athygli á því að á síðastliðnum fimm árum hefur fasteignamat atvinnuhúsnæðis á landinu hækkað um tæplega 36% að meðaltali. Á Höfuðborgarsvæðinu hefur það hækkað um 40%. Af sveitarfélögnum á Höfuðborgarsvæðinu eru það eingöngu Kópavogur og Seltjarnarnes sem hafa mætt miklum hækkunum með lækkun á álagningarprósentu sinni. Þannig hafa þessi tvö sveitarfélög haldið tekjum sínum af fasteignagjaldi fyrirtækja nokkuð stöðugum. Önnur sveitarfélög, þar með talin Reykjavíkurborg, hafa haldið álagningarprósentunni óbreyttri og fengið hundruð milljóna í tekjuauka, alveg óháð afkomu fyrirtækjanna.

Fasteignagjald er í eðli sínu óheppileg skattheimta á fyrirtæki, sem leggst á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja, en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. FA skorar á sveitarfélögin að taka mið af þessu, milda höggið fyrir fyrirtækin og létta þannig á þrýstingi á verðhækkunir.“

FA leyfir sér ennfremur að vekja athygli á því að álagningarprósentu Akraneskaupstaðar á atvinnuhúsnæði (C-flokkur) hefur verið óbreytt, 1,650%, undanfarin ár. Tekjur bæjarins af fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði hækkuðu úr 158 milljónum króna árið 2013 í 174 milljónir árið 2015.

FA óskar eftir því að erindi þetta verði tekið til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
2.10.20	Gsjó	22 SEPT. 2016
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
RA	St.A	1609147